



Seltjarnarnesi, 01.06.2011
2011030171//PG/JJH

Sent til heilsugæslustöðva, sjálfstætt starfandi lækna,
Lækninga- og hjúkrunarforstjóra sjúkrahúsa, lyfjabúra sjúkrahúsa.

Dreifibréf Landlæknisembættisins Nr. 3/2011 Tilmæli sóttvarnalæknis

Efni: Bólusetning heilbrigðisstarfsmanna heilbrigðisstofnana á Íslandi

Tilgangur þessara tilmæla sem gefin eru með stoð í sóttvarnalög er að tryggja heilbrigði heilbrigðisstarfsmanna sjúkrastofnana og öryggi sjúklinga með því að minnka líkur á útbreiðslu farsóttá á sjúkrastofnunum. Það er á ábyrgð hvers sjúkrastofnunar að hrinda þessum tilmælum sóttvarnalæknis í framkvæmd en kostnaður við framkvæmdina fellur á einstaka sjúkrastofnun nema hvað varðar bólusetningu gegn árlegri influensu (sjá neðar).

Skilgreining á heilbrigðisstarfsmanni í þessum tilmælum er sá einstaklingur sem kemur að umönnun veikra einstaklinga á sjúkrastofnun.

- Við nýráðningu heilbrigðisstarfsmanna skal tryggja að þeir séu fullbólusettir gegn eftirtöldum sjúkdómum ([sjá yfirlit yfir almennar bólusetningar á Íslandi](#))
 - Barnaveiki (Diphtheria)
 - Stífkrampi (Tetanus)
 - Kikhósti (Pertussis)
 - Mænusótt (Polio)
 - Mislingar (Morbilli)
 - Hettusótt (Parotitis epidemica)
 - Rauðir hundar (Rubella)
 - Lifrabólga B (hepatitis B)
 - Pneumókokkasýkingar; hjá einstaklingum 60 ára og eldri á 10 ára fresti.

Ef viðkomandi er ekki fullbólusettur þá skal bjóða honum bólusetningu samkvæmt ofangreindum leiðbeiningum.

- Endurmeta skal bólusetningu heilbrigðisstarfsmanna á 10 ára fresti samkvæmt [leiðbeiningum](#) sóttvarnalæknis.
 - Endurbólusetja skal heilbrigðisstarfsmenn á 10 ára fresti gegn barnaveiki, stífkrampa og kikhósta (dtp). Í dag er á markaði eftirtalið bóluefni til notkunar hjá fullorðnum sem inniheldur ofangreinda mótefnavaka í einni og sömu sprautu: Boostrix[®]
- Mælt er til þess að allir heilbrigðisstarfsmenn séu bólusettir gegn [árlegri influensu](#). Kostnaður bóluefnisins fellur á sóttvarnalækni.

Sóttvarnalæknir

Afrit: Velferðarráðuneytið, Lyfjastofnun, Læknablaðið og Tímaritið Hjúkrun.